

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Breyting á skipulagi við Klettás 21-25 (21-27).

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Klettás 21-25 (21-27) í Garðabæ. Í breytingunni felst að íbúðum verður fjölgað úr þremur í fjórar. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulag lóðar fyrir minjaskála við Kirkjulund.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt deiliskipulag lóðar fyrir minjaskála við Kirkjulund í Garðabæ. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Endurskoðun deiliskipulags hestúsabyggðar við Kjóavelli.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt endurskoðun deiliskipulags hestúsabyggðar við Kjóavelli í Garðabæ. Eldri deiliskipulagstillaga fellur úr gildi. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting á deiliskipulagi Arnarness við Hegranes 22.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi Arnarness í Garðabæ. Um er að ræða samþykkt byggingarskilmála sem gilda fyrir Hegranes 22 eftir breytinguna. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar skipulagsbreytingar og skipulag öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 16. ágúst 2001.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.